

OPIÐ BRÉF**1**

26. jan.

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar mánudaginn 15. febrúar 1937.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins
Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma
saman til reglulegs fundar mánudaginn 15. febrúar 1937.

Um leið og Vér birtum þetta, bjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Amaliuborg, 26. janúar 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

KONUNGSBRÉF**2**

26. jan.

um setning Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hérmeð veita yður sem forsætisráðherra
Vorur umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til
reglulegs fundar mánudaginn 15. febrúar 1937.

Gjört á Amaliuborg, 26. janúar 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.